

Ávaxtasalat með vanillusósu.

epli
appelsínur
perur
bananar
vínber

Aðferð:

1. Flysjið alla ávextina, nema vínberin.
2. Þvoið vínberin vel í köldu vatni og brytjið í tvennt. Takið steina úr þeim ef með þarf.
3. Brytjið alla ávextina smátt.
4. Blandið ávextunum í skál og berið fram með vanillusósu.

Vanillusósa

1. 1 eggjarauða
2. 1 msk. sykur
3. ½ tsk. vanilludropar
4. 1 ¼ dl. rjómi

Aðferð:

1. Léttþeytið rjómann með rafmagnsþeytara, látið hann í skál og geymið
2. Hrærið vel saman með rafmagnsþeytara, sykri, eggjarauðu og vanilludropum.
3. Blandið rjómanum varlega saman við eggjahræruna með sleif.